



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA

Alþingi
Erindi nr. P 138/1094
komudagur 25.2.2010

Viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2010

Efni: Fyrirhugaðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki

Borist hefur erindi frá viðskiptanefnd Alþingis, dags. 3. febrúar s.l., þar sem óskað er eftir því að Landssamtök lífeyrissjóða gefi umsögn vegna frumvarps tillaga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Landssamtök lífeyrissjóða fagna þessu frumvarpi og telja það almennt til verulegra bóta, nema þau ákvæði sem varða efni í 35. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 4. og 5. mgr. 35. gr. frumvarpsins eru svohljóðandi:

Stjórnarmenn mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er tengdur honum né vera starfsmenn, lögmennt eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis, váttryggingafélags eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða dóttur- eða hlutdeildarfélag fjármálafyrirtækisins eða félag sem er dótturfélag eða hlutdeildarfélag félags með yfirráð í fjármálafyrirtækinu. Sama gildir um lögmann móðurfélags.

Þar sem lífeyrissjóðir eru eftirlitsskyldir aðilar samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, leiðir ákvæði 4. mgr. að óbreyttu til þess starfsmenn lífeyrissjóða geta ekki setið í stjórn fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 5. mgr. getur starfsmaður fjármálafyrirtækis hins vegar tekið sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um eignartengsl. Þar sem lífeyrissjóðir eru ekki fjármálafyrirtæki í skilningi laganna er engin undanþága fyrir starfsmenn þeirra og þeim þannig sett strangari skilyrði en starfsmönnum fjármálafyrirtækja.

Nú eru nokkur smærri fjármálafyrirtæki að hluta eða öllu leyti í eigu lífeyrissjóða (t.d. Íslensk verðbréf hf., Virðing hf. og Jökla verðbréf hf.). Þessi fyrirtæki eru yfirleitt sérhæfð á tilteknum sviðum og veita stærri fjármálafyrirtækjum, einkum viðskiptabönkum, mikilvægt mótvægi og samkeppnislegt aðhald á þeim sviðum. Meðal ástæðna þess að lífeyrissjóðir hafa komið að slíkum fyrirtækjum er einmitt þetta mótvægi sem þau skapa við stóru aðilana og sú staðreynd að innan slíkra fyrirtækja er mun minni hættu

á hagsmunaárekstrum en hjá stærri fjármálafyrirtækjum sem veita fjölþættari þjónustu. Það er ekki sist til að komast hjá hagsmunaárekstrum af þessu tagi sem lífeyrissjóðir hafa komið að þessum minni fyrirtækjum

Aðkoma lífeyrissjóða að smærri fjármálafyrirtækjum getur aukið tiltrú og traust markaðsaðila á fyrirtækjunum, m.a. vegna þess að það dregur úr líkum á því að þau séu háð stærri fjármálafyrirtækjunum eða einstökum útgefendum verðbréfa.


Það er skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að seta starfsmanna lífeyrissjóða í stjórnnum smærri fjármálafyrirtækja¹ skapi afar litla hættu á hagsmunaárekstrum, enda er aðkoma og staða lífeyrissjóða og umræddra fjármálafyrirtækja á fjármálamarkaði ólík. Til dæmis telja samtökin að meiri hættu geti skapast á hagsmunaárekstrum þegar starfsmaður fjármálafyrirtækis tekur sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis sbr. undantekningarákvæðið í 5. mgr. 35. gr. frumvarpsins heldur en ef starfsmaður lífeyrissjóðs tekur sæti í stjórn fjármálafyrirtækis. Þá er hámark eignarhlutar lífeyrissjóðs í hlutfélögum 15%, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Með vísan til þess sem rakið er hér að framan er leggja Landssamtök lífeyrissjóða til að viðskiptanefnd geri eftirfarandi breytingu á 4. mgr. 35. gr. frumvarpsins:

Stjórnarmenn mega ekki eiga sæti í stjórn annars **fjármálafyrirtækis, váttryggingafélags eða kauphallar** eða aðila sem er tengdur honum né vera starfsmenn, lögmennt eða endurskoðendur annars **slíks fyrirtækis** eða tengdra félaga. Starfsmönnum fjármálafyrirtækis er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis.

Umrædd breyting er feitlettuð og kemur í stað orðanna eftirlitsskylds aðila.

Ef eftir því er leitað af hálfu viðskiptanefndar, eru Landssamtök lífeyrissjóða reiðubúin að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar til frekari útlistunar á þessari nauðsynlegu breytingu á frumvarpinu.

Virðingarfyllst
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon
framkvæmdastjóri

¹ Hér er einkum átt við félög sem hafa starfsleyfi skv. 5., 6., og 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, þ.e. verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.